

## Grunnskólar 2007–2008

### *Compulsory schools 2007–2008*

#### *Samantekt*

Skólaárið 2008–2009 starfa 174 grunnskólar á Íslandi. Grunnskólum hefur fækkað um 22 frá skólaárinu 1998–1999 og hefur fámennustu og fjölmennustu skólunum fækkað mest. Nemendum í einkaskólum hefur fjölgað frá skólaárinu 1998–1999 og stunduðu 1,5% grunnskólanemenda nám í einkaskólum skólaárið 2008–2009. Nemendum í sérskólum hefur fækkað á sama tíma. Um fjórðungur grunnskólanema fékk sérkennslu eða stuðning skólaárið 2007–2008. Skóladagar eru að meðaltali 179 talsins en í flestum skólum eru þeir 180. Mestum tíma er varið til kennslu í íslensku, 18,6% kennslutíma grunnskólans, og næstmestum til kennslu í stærðfræði, 15,9% kennslutímans. Nemendum á hvert stöðugildi kennara hefur fækkað og voru 9,3 skólaárið 2008–2009. Meðalstærð bekkja sama skólaár var 18,3 nemendur. Þegar skipulag skólastarfsins á Íslandi er borið saman við önnur lönd kemur í ljós að bekkir á Íslandi eru litlir og hlutfall nemenda á kennara lágt. Kennarar á Íslandi kenna færri daga en vinna fleiri stundir á skólaárinu en í nágrannalöndunum sem borið er saman við. Íslenskir og danskir nemendur á aldrinum 7–15 ára fá fleiri kennslustundir á þessum 9 árum grunnskólans en nemendur á hinum Norðurlöndunum en færri stundir en að meðaltali í OECD-ríkjunum og í 19 Evrópusambandslöndum.

#### **Inngangur**

##### *Innsöfnun haust og vor*

Á hverju ári safnar Hagstofan upplýsingum um nemendur, starfsfólk og skólahald í grunnskólum. Fyrsta gagnasöfnunin fór fram skólaárið 1997–1998. Að hausti er safnað upplýsingum um nemendur og starfsfólk. Viðmiðunardagur er 15. október. Upplýsingar eru settar inn á vef Hagstofunnar í febrúar–mars ár hvert. Á vorin er safnað upplýsingum um starf vetrarins, t.d. skóladaga, kennslustundir og stuðningskennslu. Þetta Hagtíðindahefti er að mestu unnið úr vorskýrslu grunnskóla 2008 um skólahald vetrarins 2007–2008 og úr haustskýrslu 2008 um fjölda nemenda og kennara skólaárið 2008–2009, auk þess sem eldri tölur eru birtar til samanburðar. Þá er einnig vitnað í samanburð við önnur Norðurlönd, meðaltal OECD-landa og 19 Evrópusambandslanda.<sup>1</sup> Þær upplýsingar eiga við skólaárið 2005–2006 og eru nýjustu tölur sem til eru á alþjóðavettvangi.

#### **Skólar**

##### *Grunnskólum fækkar*


Skólaárið 1998–1999 voru starfandi 196 grunnskólar á landinu. Skólaárið 2008–2009 voru starfandi 174 skólar og hefur þeim því fækkað um 22 á þessum árum. Fækkunin stafar helst af því að fámennir skólar hafa verið lagðir niður eða samein-

<sup>1</sup> Evrópusambandslöndin 19: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

aðir öðrum. Ekki eru allir grunnskólar heildstæðir, þ.e. bjóða upp á nám í öllum tíu bekkjum grunnskólans. Af 174 grunnskólum eru 136 skólar sem bjóða kennslu í 1.–10. bekk (mynd 1 og tafla 1). Alls býður 21 skóli eingöngu nám á barnaskólastigi, þ.e. í fyrstu sjö bekkjum grunnskólans, eða stigi 1 samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED. Í þremur skólum eru eingöngu nemendur á unglिंगastigi, þ.e. í 8.–10. bekk (ISCED-stig 2). Fimm grunnskólar bjóða nám í 5 ára bekk (tafla 2).

### Mynd 1. Fjöldi skóla eftir skólastigum 2008–2009

Figure 1. Number of schools by levels 2008–2009




#### Minnstu og stærstu skólunum fækkar

Nemendur í grunnskólum voru 43.511 haustið 2008 og fækkaði um 330 nemendur frá haustinu áður. Gera má ráð fyrir að nemendum grunnskólans eigi enn eftir að fækka á næstu árum því að árgangar sem hefja grunnskólanám á næstu árum eru fámennari en þeir árgangar sem ljúka munu grunnskólanámi.

Fjölmennasti grunnskóli landsins skólaárið 2008–2009 var Árbæjarskóli með 759 nemendur. Fámennasti grunnskólinn umrætt skólaár var Finnbogastaðaskóli með 2 nemendur. Á mynd 2 má sjá dreifingu á stærð skólanna. Skólaárið 2008–2009 voru 33 grunnskólar með 50 nemendur eða færri og 23 skólar voru með 51–100 nemendur. Tæplega þriðjungur grunnskóla landsins er því með 100 nemendur eða færri en voru 43% skólaárið 1998–1999 (tafla 3). Skólaárið 1998–1999 voru 28 skólar með fleiri en 500 nemendur en 21 skóli skólaárið 2008–2009.

## Mynd 2. Grunnskólar eftir fjölda nemenda að hausti 1998 og 2008

Figure 2. Compulsory schools by number of pupils in autumn 1998 and 2008




## Einkaskólar

*Nemendum í einkaskólum  
fjölgar frá 1998*

Haustið 2008 voru reknir níu einkaskólar á landinu og hefur fjöldi nemenda þeirra verið að aukast frá 2004 (mynd 3, tafla 4). Haustið 1998 voru skólarnir fimm talsins. Haustið 2008 voru allir einkaskólarnir á höfuðborgarsvæðinu og sóttu skólana 666 nemendur á grunnskólaaldri. Að auki sóttu 135 börn nám í 5 ára bekk í einkaskólum veturinn 2008–2009 (tafla 2). Nemendur í einkaskólum voru 1,5% grunnskólanema og hefur sú tala farið hækkandi undanfarin ár.

## Mynd 3. Nemendur í einkaskólum að hausti 1998–2008

Figure 3. Pupils in private schools in autumn 1998–2008



Í erlendum samanburði er hlutfall nemenda í einkaskólum á Íslandi lágt, a.m.k. þegar borið er saman við OECD-löndin. Að meðaltali voru 9,5% nemenda á barnaskólastigi (1.–7. bekk) í OECD-löndunum í einkaskólum og 12,4% nemenda á unglingastigi (8.–10. bekk) skólaárið 2005–2006. Þó er mjög misjafnt milli landa hvernig skólakerfið er skipulagt. Í Danmörku eru 12,1% nemenda á barnaskólastigi og 24,3% nemenda á unglingastigi í einkaskólum en samsvarandi tölur fyrir Noreg

eru 2,3% og 2,8% skólaárið 2005–2006 (tafla 5) (OECD: *Education at a Glance 2008: OECD Indicators*, útgefin í París, 2008, bls. 346).


### Sérskólar

*Fjöldi sérskóla óbreyttur undanfarin ár*

Haustið 2008 voru starfandi 4 sérskólar fyrir börn og unglinga með þroskaraskanir á Íslandi og hefur fjöldi þeirra verið óbreyttur undanfarin ár (mynd 4, tafla 4). Þrjú sérskólanna eru starfandi í Reykjavík og einn á Akureyri. Flestir voru þeir átta haustin 2001 og 2002. Fjöldi nemenda í sérskólunum hefur dregist aðeins saman síðastliðin ár og voru 143 nemendur í sérskólum haustið 2008.

### Mynd 4. Fjöldi sérskóla og nemenda haustin 1998–2008

Figure 4. *Special education schools and pupils in autumn 1998–2008*



### Skipulag skólastarfsins


*Flestir skólar voru settir 22. ágúst*

Til þess að gera sér grein fyrir skipulagi skólastarfs í grunnskólum þarf að skoða nokkra þætti, s.s. lengd skólaársins, fjölda kennslustunda á viku sem nemendur sækja, vinnutíma og kennslutíma kennara, hlutfall nemenda á kennara og stærð bekkja.

Í grunnskólalögum er ekki kveðið á um hvenær grunnskólar skuli hefja starfsemi að hausti. Haustið 2007 fór skólaásetning oftast fram miðvikudaginn 22. ágúst eða í 90 skólum. Munar þar helst um samtakamátt stærstu sveitarfélaganna. Í vikunni 20. til 24. ágúst var skólaásetning í 147 grunnskólum af þeim 174 sem starfræktir voru skólaárið 2007–2008.

### Mynd 5. Skólasetning haustið 2007

Figure 5. School starting date in autumn 2007




Flestum skólum var slitið 5. júní

Vorið 2008 dreifðist dagsetning skólaslita nokkuð. Fyrstu skólaslit vorsins voru um miðjan maí og þau síðustu 10. júní. Flestum grunnskólum landsins var slitið fimmtudaginn 5. júní. Aðrir vinsælir skólaslitadagar voru föstudagurinn 30. maí og miðvikudagurinn 4. júní. Þessa þrjá daga var hátt í 100 grunnskólum slitið. Þó að skóla sé slitið er algengt að starfsmenn eigi eftir að vinna nokkra daga við frágang og uppgjör vetrarins og einnig vinna við undirbúning næsta skólaárs.

### Mynd 6. Skólaslit vorið 2008

Figure 6. School ending date in spring 2008



### Skóladagar

Skóladagar eru að meðaltali 179 talsins


Skólaárið 2007–2008 voru nemendur að meðaltali 179,1 til 179,4 daga í skóla eftir árgangi en í flestum skólum eru skóladagar 180 talsins. Skóladögum er skipt í kennsludaga, prófadaga og aðra daga þar sem ekki fer fram full kennsla samkvæmt stundaskrá. Fjöldi skóladaga var mjög breytilegur, eða frá 139 dögum upp í 189 daga. Fæstir skóladagar voru hjá grunnskóla einum í dreifbýlinu sem hefur fengið undanþágu til að kenna nemendum færri daga í mánuði vegna skipulags skóla-

aksturs. Nemendur eru þá lengur í skólanum þá daga sem þeir mæta þannig að heildarfjöldi kennslustunda skerðist ekki. Í öðrum grunnskólum voru skóladagar a.m.k. 172 talsins (tafla 6). Sé litið á alla grunnskóla landsins voru kennsludagar fleiri hjá yngri nemendum eða 172 að meðaltali hjá 1.–4. bekk. Elstu nemendurnir fengu færri kennsludaga en fleiri prófadaga. Flestir voru prófadagarnir hjá elstu nemendum eða 7,2 að jafnaði og skóladagarnir 164,9. Skóladagar sem kallast aðrir dagar voru mismargir eftir árgöngum eða frá 6,2 til 7,1 að meðaltali (tafla 7).

Á Íslandi kenna grunnskólakennarar 180 daga á skólaárinu. Þar sem grunnskólinn á Íslandi er heildstæður er ekki unnt að greina á milli vinnu kennara á barnaskólastigi og unglingastigi. Þegar litið er á samanburð við önnur lönd eru kennsludagar kennara á barnaskólastigi í OECD-löndunum 187 og 185 á unglingastigi. Samsvarandi tölur í 19 Evrópusambandslöndum eru 185 dagar hjá yngri nemendum og 182 hjá eldri nemendum. Svíþjóð gefur ekki upp fjölda daga en af öðrum Norðurlöndum eru flestir kennsludagar kennara í Danmörku, eða 200 talsins (mynd 7, tafla 8).

### Mynd 7. Kennsludagar kennara í nokkrum löndum skólaárið 2005–2006

Figure 7. Teachers' instruction days in selected countries in school year 2005–2006



### Kennslustundir

*Íslensk og dönsk börn fá flestar kennslustundir barna á Norðurlöndum*

Annar þáttur í skipulagi skólastarfsins er hversu margar kennslustundir nemendur fá á hverjum degi eða í hverri viku yfir skólaárið. Sé Ísland borið saman við önnur Norðurlönd fá íslensk og dönsk börn flestar kennslustundir frá 7–15 ára aldurs, eða í níu ár grunnskólans (tafla 9). Sex ára börnum er sleppt, því upplýsingar vantar um þau börn á alþjóðavettvangi þar sem sex ára börn eru ekki alls staðar skólaskyld. Íslensk börn geta vænst þess að fá kennslu í 7.320 klukkustundir eða 10.980 40 mínútna kennslustundir frá 7 til 15 ára aldurs (í 2.–10. bekk) en dönsk börn frá 7.321 klukkustund. Fæstar stundir fá börn í Finnlandi, 6.665 klukkustundir. Meðaltal í OECD-löndunum er 7.879 klukkustundir.

Þegar búið er að umreikna fjölda kennslustunda og kennsluvikna í kennslustundir á viku eftir löndum má sjá að börn á Íslandi fá fleiri kennslustundir á viku þann tíma sem kennt er en börn á öðrum Norðurlöndum (tafla 10). Vert er að geta þess íslensk börn sækja skóla í færri vikur en börn á hinum Norðurlöndunum. Meðaltal kennslustunda á viku í OECD-löndunum og í 19 Evrópusambandslöndum er talsvert hærra en á Norðurlöndum og á Íslandi.

## Nemendastundir


*Mestum tíma er varið til íslenskukennslu*

Nemendur á yngsta stigi grunnskólans (1.–4. bekk) voru að jafnaði í 31,7 kennslustundir á viku í skólanum skólaárið 2007–2008. Nemendur á miðstigi (5.–7. bekk) sóttu skóla að jafnaði í 35,7 kennslustundir á viku og elstu nemendurnir (8.–10. bekk) fengu 37,5 kennslustundir á viku. Á öllum skólastigum er mestum tíma varið til íslenskunáms. Íslenskunám á yngsta stiginu er 22,3% kennslutímans, á miðstiginu 17,9% og á elsta stiginu 15,1% kennslutímans. Næstmestum tíma er varið í stærðfræðinám (tafla 11).

Þegar skoðað er hvernig heildarfjöldi kennslustunda grunnskólanemenda yfir öll skólaárin tíu skiptist á námsgreinar kemur í ljós að um 18,6% kennslustunda er varið til íslenskukennslu og 15,9% til stærðfræðikennslu (mynd 8). Tæplega 10% kennslutímans er varið til kennslu í hverri þessara greina: listum, samfélagsfræði og íþróttum. Erlendu tungumálin danska og enska eru talin sérstaklega en önnur tungumál, t.d. þýska, franska og spænska eru kennd sem valgreinar og falla undir flokkinn „annað“ á mynd 8. Hluti kennslutíma fyrir valgreinar kann að vera nýttur fyrir áður nefndar kennslugreinar, s.s. íslensku og stærðfræði.

### Mynd 8. Nemendastundir eftir námsgreinum í 1.–10. bekk 2007–2008

Figure 8. *Instruction time per subject in grades 1–10 2007–2008*




**Skýringar** Notes: 1 Íslenska *Icelandic*; 2 Stærðfræði *Mathematics*; 3 Listir *Arts*; 4 Íþróttir *Physical education*; 5 Samfélagsfræði *Social studies*; 6 Náttúrufræði *Natural science*; 7 Enska *English*; 8 Upplýsingatækni *IT*; 9 Danska *Danish*; 10 Heimilisfræði *Home economics*; 11 Lífleikni *Life skills*; 12 Annað og ótilgreint *Other and undisclosed*.

Skoða má hvernig kennslustundir á Íslandi skiptast samkvæmt námskrá skólaárið 2005–2006 og bera saman við önnur lönd miðað við upplýsingar í ritinu *Education at a Glance 2008*. Í aldurshópnum 9–11 ára er 16% kennslutímans varið til móðurmálskennslu en meðaltal OECD-ríkjanna er 23% (mynd 9, tafla 12). Af Norðurlöndunum verja dönsk börn hlutfallslega mestum tíma til móðurmálsnáms eða 26%. Með hækkandi aldri bætast fleiri námsgreinar við og hlutfall móðurmálskennslu fer minnkandi.

**Mynd 9. Hlutfallsleg skipting kennslutíma námsgreina 9–11 ára 2005–2006**


Figure 9. Instruction time per subject as a percentage of total compulsory instruction time for 9 to 11 year-olds 2005–2006



Á Íslandi verja 12–14 ára nemendur 14% kennslutímans til íslenskunáms en dönsk börn verja 20% kennslutímans í dönskunám. Að meðaltali verja OECD-ríkin 15% kennslutímans til móðurmálskennslu á þessum aldri (mynd 10, tafla 13). Vert er að geta þess að hlutfall valgreina á Íslandi er hærri en í hinum löndunum, bæði fyrir 9–11 ára og 12–14 ára, og að hluti tíma fyrir valgreinar er nýttur til íslenskukennslu. Kennslutími valgreina, sem nýttur er til íslensku- og stærðfræðikennslu er ekki meðtalin á myndum 9 og 10.

**Mynd 10. Hlutfallsleg skipting kennslutíma námsgreina 12–14 ára 2005–2006**

Figure 10. Instruction time per subject as a percentage of total compulsory instruction time for 12 to 14 year-olds 2005–2006






## Sérkennsla

*Fleiri drengir en stúlkur fá sérkennslu*

Í vorinnsöfnun gagna um grunnskóla er safnað upplýsingum um sérkennslu. Undanfárin ár hefur verið safnað upplýsingum eftir bekkjum og kyni og spurt hvernig sérkennslan fari fram. Gerður er greinarmunur á því hvort sérkennsla eða stuðningur fari fram inni í kennslustofu nemandans, hvort nemandinn er tekinn út úr kennslustofunni og kennslan fari fram í sérstöku sérkennsluveri eða hvort barn fær aðstoð bæði inni í bekk og í sérkennsluveri (mynd 11). Ekki er gerður greinarmunur á því hvort stuðningurinn á sér stað allan veturinn eða einungis í nokkrar vikur á vetri. Þegar tölur eru skoðaðar sést að skólaárið 2007–2008 fá 10.640 nemendur aðstoð af einhverju tagi (tafla 14). Það eru því 24,3% grunnskólanema sem fá einhvers konar stuðning á því skólaári. Hlutfallslega flestir fá stuðning í 2.–6. bekk eða um 26–27% hvers árgangs. Töluvert fleiri drengir en stúlkur fá stuðning. Haustið 2007 voru 22.357 drengir skráðir í grunnskóla og nutu 6.618 þeirra stuðnings eða 29,6%. Samsvarandi hlutfall fyrir stúlkur er 18,7%. Af þessum rúmlega 10.600 nemendum sem fá stuðning eru drengir 62,2% og stúlkur 37,8%.

### Mynd 11. Nemendur í stuðningskennslu skólaárið 2007–2008


*Figure 11. Pupils receiving special education during the school year 2007–2008*



## Nemendur og kennarar

*Nemendum fækkar á hvert stöðugildi kennara*


Nemendum á hvern kennara hefur fækkað ár frá ári frá skólaárinu 1998–1999. Haustið 1998 voru 13,3 nemendur á hvert stöðugildi kennara en haustið 2008 eru 9,3 nemendur á hvert stöðugildi kennara að deildarstjórum meðtöldum (mynd 12 og tafla 15). Haustið 2006 fór fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara í fyrsta skipti niður fyrir 10 nemendur. Sama þróun hefur átt sér stað ef fjöldi nemenda og fjöldi kennara (höfðatala) er borinn saman.

**Mynd 12. Fjöldi nemenda á stöðugildi kennara 1998–2008***Figure 12. Pupils per full-time equivalent teacher 1998–2008*

Skólaárið 2005–2006 var meðalfjöldi nemenda á stöðugildi kennara í OECD-löndunum 16,2 nemendur á barnaskólastigi (1.–7. bekk) og 13,3 nemendur á unglíngastigi (8.–10. bekk) (tafla 16). Meðalfjöldi nemenda í Evrópusambandslöndunum 19 er ívið lægri eða 14,5 nemendur á barnaskólastigi og 11,7 nemendur á unglíngastigi. Á Íslandi er heildstæður grunnskóli og ekki gerður greinarmunur á kennurum á barnaskólastigi og unglíngastigi. Meðalfjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara skólaárið 2005–2006 var 10,6 nemendur. Af þeim Norðurlöndum sem upplýsingar eru til um eru fæstir nemendur á hvert stöðugildi kennara á barnaskólastigi í Noregi eða 10,9 nemendur (mynd 13). Á unglíngastigi eru fæstir nemendur á hvert stöðugildi kennara í Finnlandi, 9,7 nemendur. Skipting skólakerfis OECD-landanna á milli barnaskóla- og unglíngastiga gerir samanburð við önnur lönd erfðan þar sem grunnskólinn á Íslandi og í fleiri löndum er ein heild. Einnig er mismunandi á milli landa hvort nemendum er skipt í bekkir eftir getu og hvort nemendum sem þurfa sérkennslu eða stuðning er kennt sér eða með öðrum nemendum.

### Mynd 13. Fjöldi nemenda á stöðugildi kennara 2005–2006

Figure 13. Pupils per full-time equivalent teacher 2005–2006



**Skýringar** Notes: I Barnaskólastig Primary education; II Unglingastig Lower secondary education; III Grunnskóli Primary and lower secondary education.


### Fjöldi nemenda í bekk

Að meðaltali voru 18,3 nemendur í bekk skólaárið 2008–2009

Fjöldi nemenda í bekkjardeild er áætlaður út frá upplýsingum skólanna um nemendur og bekkjardeildir. Sérdeildir og sérskólar eru ekki taldir með. Skólarnir eru beðnir að tilgreina þegar um samkenslu árganga er að ræða. Ekki er spurt um fjölda kennara í hverri bekkjardeild en til er að nemendum sé kennt í stórum bekkjardeildum af fleiri en einum kennara. Ýmiss konar samkensla árganga og hópkensla hefur farið vaxandi og er stunduð víðar en í fámennum skólum á landsbyggðinni. Því verður að líta á tölur um bekkjarstærðir sem áætlun. Að gefnum þessum fyrirvörum eru að meðaltali 18,3 nemendur í bekkjardeild skólaárið 2008–2009 (tafla 17). Að meðaltali eru fæstir nemendur í 1. bekk, 16,2, en flestir í 10. bekk þar sem eru að meðaltali 19,7 nemendur (mynd 14). Þegar bekkjarstærð er borin saman við önnur lönd er meðaltal OECD-landanna á barnaskólastigi 21,5 nemendur og á unglingsstigi eru 24,0 nemendur í bekk að meðaltali (tafla 18). Meðaltal Evrópusambandslandanna 19 er heldur lægra eða 20,2 nemendur á barnaskólastigi og 22,7 nemendur á unglingsstigi. Samanburður við Norðurlöndin er erfiður á þessu sviði því að einungis Ísland og Danmörk hafa gefið upplýsingar um bekkjarstærðir fyrir skólaárið 2005–2006 í ritinu *Education at a Glance 2008*. Ýmist er ekki unnið með hugtakið „bekkur“ á hinum Norðurlöndunum eða að upplýsingarnar liggja ekki fyrir.

**Mynd 14. Meðalfjöldi nemenda í bekk eftir árgangi 2008–2009**

Figure 14. Average number of pupils per class by grade 2008–2009




**Vinnutími kennara**

Íslenskir grunnskólakennarar vinna í 1.800 klukkustundir á ári

Í kjarasamningi kennara við launanevnd sveitarfélaga með gildistíma frá 1. júní 2008 segir í grein 2.1.6.1 um vinnuskyldu kennara: „Vinnuskylda kennara er 1.800 stundir á ári. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á. Til vinnuskyldu heyra öll fagleg störf kennara.“ Sé vinnuskylda íslenskra kennara borin saman við kennara í öðrum Evrópulöndum skólaárið 2005-2006 sést að íslenskir kennarar unnu í töluvert fleiri klukkutíma en starfsbræður þeirra í Evrópu. Af kennurum á Norðurlöndum komust Svíar næst Íslendingum hvað varðar vinnuskyldu á ári, en þeir unnu í 1.767 stundir á ári. Meðaltal í Evrópulöndunum 19 var 1.619 stundir (tafla 19).

**Mynd 15. Vinnustundir kennara í klukkustundum 2005–2006**

Figure 15. Total statutory working time for teachers in hours 2005–2006



## English summary

There are 174 compulsory schools operating in Iceland in the school year 2008–2009. The number of schools has decreased by 22 since the school year 1998–1999. The decrease is greatest in schools which have the smallest and largest number of pupils. The number of pupils attending private schools has increased since the school year 1998–1999 and during the school year 2008–2009 1.5% of pupils attended private schools. The number of pupils attending special education schools has decreased in the same period. Approximately one quarter of pupils in compulsory schools received special education or support during the school year 2007–2008. On average there are 179 school days during the school year but in most schools there are 180 school days. The largest share of the instruction time is spent on teaching Icelandic, 18.6% of the instruction time, and mathematics comes second with 15.9% of the instruction time. The number of pupils per full-time equivalent teacher has decreased and was 9.3 during the school year 2008–2009. The average class size during the same school year was 18.3 pupils. When the operation of compulsory schools in Iceland is compared with other countries it can be seen that classes in Iceland are small and the ratio of pupils to teachers is low. Teachers in Iceland teach fewer days but work more hours during the school year than in the neighbouring countries used for comparison. Icelandic and Danish pupils aged 7–15 years receive more instruction time during these 9 years of compulsory education than pupils in the other Nordic countries but fewer hours than on average in the OECD countries and in 19 EU countries.

**Tafla 1. Bekkir eftir skólum 2008–2009***Table 1. Grades by schools 2008–2009*

	Fjöldi skóla <i>Number of schools</i>	ISCED-flokkun <i>ISCED classification</i>
<b>Alls Total</b>	<b>174</b>	<b>•</b>
1.	1	1
1.-3.	1	1
1.-4.	2	1
1.-6.	1	1
1.-7.	16	1
1.-8.	8	1–2
1.-9.	4	1–2
1.-10.	136	1–2
7.-10.	2	1–2
8.-10.	3	2

**Skýringar** Notes: ISCED-stig 1 heitir barnaskólastig og nær yfir 1.–7. bekk. ISCED-stig 2 er unglingsstig og nær yfir 8.–10. bekk. *ISCED level 1 is primary education (grades 1–7) and ISCED 2 is lower secondary education (grades 8–10).*

**Tafla 2. Nemendur í 5 ára bekk 1998–2008***Table 2. Five years old pupils in compulsory schools 1998–2008*

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Alls Total</b>	<b>128</b>	<b>118</b>	<b>133</b>	<b>102</b>	<b>114</b>	<b>118</b>	<b>126</b>	<b>125</b>	<b>103</b>	<b>124</b>	<b>135</b>
Broddanesskóli	–	–	–	2	–	–	–	–	–	–	–
Grunnskóli Akrahrepps	–	–	4	2	3	6	5	4	–	–	–
Grunnskóli Bláskógabyggðar	–	–	–	–	–	–	–	–	8	–	8
Grunnskólinn Tjarnarlundi	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–
Grunnskólinn á Þórshöfn	–	8	11	–	–	–	–	–	–	–	–
Landakotsskóli	21	22	21	18	16	16	15	9	11	18	20
Laugargerðisskóli	–	–	–	2	2	1	4	3	2	2	–
Lágafellsskóli	–	–	–	–	–	–	–	–	–	28	–
Skóli Ísaks Jónssonar	107	88	91	78	93	95	102	105	72	70	103
Suðurhlíðarskóli	–	–	–	–	–	–	–	4	–	–	1
Súðavíkurskóli	–	–	6	–	–	–	–	–	2	6	3
Stórutjarnaskóli	–	–	–	–	–	–	–	–	7	–	–

**Tafla 3. Fjöldi skóla eftir stærð haustin 1998 og 2008***Table 3. Number of schools by size in autumn 1998 and 2008*

Fjöldi nemenda <i>Number of pupils</i>	1998–1999	2008–2009
<b>Alls Total</b>	<b>196</b>	<b>174</b>
1–50	58	33
51–100	27	23
101–200	34	27
201–300	15	21
301–400	18	25
401–500	16	24
501–600	18	13
601–700	4	6
701–800	6	2

**Tafla 4. Nemendur og grunnskólar eftir rekstrarformi 1998–2008**

Table 4. Pupils and schools by management 1998–2008

Ár Year	Almennir grunnskólar							
	Grunnskólar alls		hins opinbera		Sérskólar hins opinbera		Einkaskólar	
	<i>Compulsory schools, total</i>		<i>Public general schools</i>		<i>Public special schools</i>		<i>Private schools</i>	
	Fjöldi skóla <i>Number of schools</i>	Fjöldi nemenda <i>Number of pupils</i>	Fjöldi skóla <i>Number of schools</i>	Fjöldi nemenda <i>Number of pupils</i>	Fjöldi skóla <i>Number of schools</i>	Fjöldi nemenda <i>Number of pupils</i>	Fjöldi skóla <i>Number of schools</i>	Fjöldi nemenda <i>Number of pupils</i>
1998	196	42.421	185	41.747	6	147	5	527
1999	192	43.030	180	42.312	6	169	6	549
2000	190	43.644	178	42.890	6	189	6	565
2001	193	44.103	179	43.370	8	204	6	529
2002	192	44.695	178	44.050	8	192	6	453
2003	187	44.809	174	44.184	5	173	8	452
2004	178	44.511	167	43.911	4	170	7	430
2005	177	44.336	166	43.718	4	146	7	472
2006	173	43.875	162	43.143	4	160	7	572
2007	174	43.841	161	43.031	4	146	9	664
2008	174	43.511	161	42.702	4	143	9	666

**Skýringar** Notes: Nemendur í 5 ára bekk ekki meðtaldir. Five year old pupils excluded.

Einkaskólar *Private schools* 2008–2009: Barnaskóli Hjallastefnunnar Hjallabraut, Barnaskóli Hjallastefnunnar Vífilstöðum, Barnaskóli Hjallastefnunnar við Suðurgötu, Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli, Tjarnarskóli, Waldorfskólinn Lækjarbotnum og Waldorfskólinn Sólstafrir.

Starfandi sérskólar *Public special schools* 2008–2009: Brúarskóli, Hlíðarskóli (Akureyri), Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli.

**Tafla 5. Alþjóðlegur samanburður á hlutfalli nemenda í opinberum skólum og einkaskólum 2005–2006**

Table 5. International comparison of the share of pupils in compulsory schools by type of institution 2005–2006

	Barnaskólastig <i>Primary level</i>			Unglingastig <i>Lower secondary level</i>		
	Opinberir skólar <i>Public schools</i>	Ríkisstyrktir einkaskólar <i>Government dependent private schools</i>	Sjálfstæðir einkaskólar <i>Independent private schools</i>	Opinberir skólar <i>Public schools</i>	Ríkisstyrktir einkaskólar <i>Government dependent private schools</i>	Sjálfstæðir einkaskólar <i>Independent private schools</i>
Ísland <i>Iceland</i>	98,8	1,2	–	99,3	0,7	–
Danmörk <i>Denmark</i>	87,9	12,1	–	75,7	24,0	0,3
Finnland <i>Finland</i>	98,7	1,3	•	95,9	4,1	•
Noregur <i>Norway</i>	97,7	2,3	–	97,2	2,8	–
Svíþjóð <i>Sweden</i>	93,5	6,5	–	92,4	7,6	–
ES 19 meðaltal						
<i>EU 19 average</i>	89,9	7,9	2,7	87,4	10,7	2,2
OECD meðaltal <i>average</i>	91,1	6,6	2,9	84,9	9,4	3,0

**Heimild** Source: OECD: Education at a Glance 2008, 346.

**Tafla 6. Fjöldi skóladaga eftir bekkjum 2007–2008**Table 6. *Days at school by grade 2007–2008*

	Bekkur <i>Grade</i>									
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>164</b>	<b>167</b>	<b>164</b>	<b>164</b>	<b>164</b>	<b>162</b>	<b>161</b>	<b>148</b>	<b>141</b>	<b>138</b>
<150	1	1	1	–	–	–	–	–	–	–
150-159	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
160-169	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
170	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
171	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
172	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
173	2	3	3	3	3	3	3	2	2	1
174	2	1	1	2	2	2	2	2	1	1
175	5	5	5	5	5	4	5	6	5	6
176	5	5	5	5	6	6	5	5	5	5
177	4	4	4	5	4	4	4	3	2	4
178	6	5	4	5	4	5	5	3	4	4
179	11	10	10	9	9	8	8	9	8	8
180	127	131	130	126	128	127	125	115	111	107
181	–	–	–	–	–	1	1	1	–	–
182	–	–	–	3	1	1	2	–	–	–
183	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
184	–	1	–	–	1	–	–	–	1	1
185	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
186	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
187	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
188	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
189	–	–	–	–	–	–	–	1	1	–
190	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
>190	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–

Skýringar *Notes:* Fjöldi skóladaga var á bilinu 139–189. *Days vary from 139–189.***Tafla 7. Skipting skóladaga 2007–2008**Table 7. *School days by type 2007–2008*

Bekkur <i>Grade</i>	Kennsludagar				Starfsdagar kennara <i>Teachers' working days</i>			Kennsla féll niður <i>Days of absence</i>
	Skóladagar <i>School days teaching days</i>	Prófádagar <i>Examination days</i>	Aðrir dagar <i>Other days</i>	Alls <i>Total</i>	Á kennslutíma <i>Within school operation time</i>		Utan kennslutíma <i>Outside school operation time</i>	
					Full-time <i>Full-time</i>	Után kennslutíma <i>Outside school operation time</i>		
<b>Meðaltal <i>Average</i></b>	<b>179,3</b>	<b>170,2</b>	<b>2,5</b>	<b>6,6</b>	<b>13,2</b>	<b>5,0</b>	<b>8,2</b>	<b>0,4</b>
1.	179,1	172,1	0,5	6,5	13,2	5,0	8,3	0,4
2.	179,1	172,2	0,6	6,4	13,2	5,0	8,2	0,5
3.	179,1	172,1	0,6	6,4	13,3	5,0	8,3	0,5
4.	179,3	171,6	1,3	6,4	13,2	5,0	8,2	0,5
5.	179,3	171,3	1,8	6,2	13,2	5,0	8,2	0,4
6.	179,3	171,1	1,9	6,3	13,2	5,0	8,2	0,4
7.	179,3	169,4	3,0	7,0	13,2	5,0	8,2	0,4
8.	179,3	169,1	3,8	6,5	13,2	4,9	8,2	0,4
9.	179,4	168,3	4,1	7,1	13,2	5,0	8,2	0,4
10.	179,3	164,9	7,2	7,1	13,2	5,0	8,2	0,4



**Tafla 8. Alþjóðlegur samanburður á kennsludögum kennara skólaárið 2005–2006**Table 8. *International comparison of teachers' instruction days during the school year 2005–2006*

	Kennsludagar kennara á barnaskólastigi <i>Teachers' days of instruction in primary education</i>	Kennsludagar kennara á unglingsstigi <i>Teachers' days of instruction in lower secondary education</i>
Ísland <i>Iceland</i>	180	180
Danmörk <i>Denmark</i>	200	200
Finnland <i>Finland</i>	187	187
Noregur <i>Norway</i>	190	190
Svíþjóð <i>Sweden</i>	...	...
ES 19 meðaltal <i>EU 19 average</i>	185	182
OECD meðaltal <i>average</i>	187	185

Heimild *Source*: OECD: Education at a Glance 2008, 466.**Tafla 9. Alþjóðlegur samanburður á kennslutíma í klukkustundum 2005–2006**Table 9. *International comparison of instruction time in hours 2005–2006*

	Aldur <i>Age</i>				
	7–8	9–11	12–14	15	7–15
Ísland <i>Iceland</i>	720	792	872	888	7.320
Danmörk <i>Denmark</i>	671	783	910	900	7.321
Finnland <i>Finland</i>	608	683	829	913	6.665
Noregur <i>Norway</i>	620	728	827	855	6.760
Svíþjóð <i>Sweden</i>	741	741	741	741	6.669
ES 19 meðaltal <i>EU 19 average</i>	800	844	932	977	7.905
OECD meðaltal <i>average</i>	796	839	933	971	7.879

Heimild *Source*: OECD: Education at a Glance 2008, 420.**Tafla 10. Alþjóðlegur samanburður á kennslustundum á viku 2005–2006**Table 10. *International comparison of instruction time per week 2005–2006*

	Aldur <i>Age</i>			
	7–8	9–11	12–14	15
Ísland <i>Iceland</i>	30,0	33,0	36,3	37,0
Danmörk <i>Denmark</i>	24,0	28,0	32,5	32,1
Finnland <i>Finland</i>	24,0	27,0	32,7	36,0
Noregur <i>Norway</i>	24,5	28,7	32,6	33,8
Svíþjóð <i>Sweden</i>	...	...	...	...
ES 19 meðaltal <i>EU 19 average</i>	31,6	33,3	37,8	39,6
OECD meðaltal <i>average</i>	31,4	33,1	36,8	38,3

**Skýringar** *Notes*: Kennslutími nemenda umreiknaður í 40 mínútna kennslustundir og dreift á uppgefinn fjölda kennsluvikna í hverju landi. *Pupils' instruction time computed as 40 minute lessons for the duration of the school year in each country.*

**Tafla 11. Nemendastundir eftir námsgreinum og bekk skólaárið 2007–2008**

Table 11. Instruction time per subject by grade 2007–2008

	Bekkur <i>Grade</i>										Alls <i>Total</i>	Hlutfall <i>Percent</i>
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.		
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>30,8</b>	<b>31,6</b>	<b>31,9</b>	<b>32,4</b>	<b>35,5</b>	<b>35,6</b>	<b>36,0</b>	<b>37,5</b>	<b>37,3</b>	<b>37,6</b>	<b>346,1</b>	<b>100,0</b>
Íslenska												
<i>Icelandic</i>	7,2	7,1	7,0	6,8	6,6	6,6	5,9	5,7	5,6	5,7	64,3	18,6
Stærðfræði												
<i>Mathematics</i>	5,6	5,6	5,5	5,5	5,6	5,6	5,4	5,4	5,4	5,5	55,1	15,9
Enska												
<i>English</i>	0,2	0,3	0,5	0,9	2,1	2,2	2,4	3,4	3,8	4,0	20,1	5,8
Danska												
<i>Danish</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,2	0,3	2,8	3,3	3,8	3,9	14,4	4,2
Heimilisfræði												
<i>Home economics</i>	1,0	1,1	1,1	1,2	1,6	1,5	1,6	1,5	0,5	0,4	11,4	3,3
Íþróttir												
<i>Physical education</i>	3,2	3,2	3,2	3,2	3,2	3,2	3,2	3,2	3,1	3,1	32,0	9,2
Listir												
<i>Arts</i>	4,1	4,2	4,3	4,3	4,2	4,2	3,9	3,3	0,9	0,8	34,1	9,9
Lífsleikni												
<i>Life skills</i>	0,9	0,9	0,9	1,1	1,1	1,1	1,1	1,2	1,2	1,2	10,7	3,1
Náttúrufræði												
<i>Natural science</i>	2,1	2,1	2,2	2,3	3,0	3,0	3,0	3,3	3,4	3,2	27,5	8,0
Samfélagsfræði												
<i>Social studies</i>	3,0	3,1	3,0	3,1	3,7	3,7	3,3	3,2	2,9	2,8	31,9	9,2
Þar af kristinfræði												
<i>Thereof religion</i>	0,8	0,8	0,8	0,8	0,9	0,8	0,7	0,4	0,1	0,1	6,3	1,8
Upplýsinga- og tæknimennt IT												
<i>Other and undisclosed</i>	1,6	1,7	1,7	1,7	1,8	1,8	1,9	1,6	0,7	0,6	15,2	4,4
Annað og ótilgreint												
<i>Other and undisclosed</i>	1,8	2,2	2,4	2,1	2,2	2,2	1,5	2,4	5,9	6,5	29,3	8,5

**Tafla 12. Hlutfallsleg skipting kennslutíma námsgreina 9-11 ára barna skólaárið 2005–2006**Table 12. *Instruction time per subject as a percentage of total compulsory instruction time for 9 to 11 year-olds 2005–2006*

	Lestur, skrift og bókmenntir <i>Reading, writing, literature</i>	Stærð- fræði <i>Mathe- matics</i>	Raun- vísindi <i>Science</i>	Sam- félags- greinar <i>Social studies</i>	Erlend tungumál <i>Modern foreign languages</i>	Tækni- mennt <i>Tech- nology</i>	Listir <i>Arts education</i>	Íþróttir <i>Physical Education</i>	Trúar- bragða- fræði <i>Religion</i>	Verk- greinar <i>Practical and vo- cational skills</i>	Annað <i>Other curriculum</i>	Val- greinar <i>Compul- sory flexible</i>
Ísland <i>Iceland</i>	16	15	8	8	4	6	12	9	3	5	2	11
Danmörk <i>Denmark</i>	26	17	8	4	9	–	20	10	4	–	3	–
Finnland <i>Finland</i>	21	18	10	2	9	–	19	9	5	–	–	6
Noregur <i>Norway</i>	23	15	7	8	7	–	15	7	9	–	9	–
Svíþjóð <i>Sweden</i>	22	14	12	13	12	–	7	8	–	7	–	6
<b>Meðaltal</b> <b>Average</b>												
ES 19												
EU 19	25	17	9	7	9	1	13	9	4	1	3	3
OECD	23	16	9	8	7	1	12	8	4	1	4	4

Heimild Source: OECD: Education at a Glance 2008, 421.

**Tafla 13. Hlutfallsleg skipting kennslutíma námsgreina 12-14 ára barna skólaárið 2005–2006**Table 13. *Instruction time per subject as a percentage of total compulsory instruction time for 12 to 14 year-olds 2005–2006*

	Lestur, skrift og bókmenntir <i>Reading, writing, literature</i>	Stærð- fræði <i>Mathe- matics</i>	Raun- vísindi <i>Science</i>	Sam- félags- greinar <i>Social studies</i>	Erlend tungumál <i>Modern foreign languages</i>	Tækni- mennt <i>Tech- nology</i>	Listir <i>Arts education</i>	Íþróttir <i>Physical Education</i>	Trúar- bragða- fræði <i>Religion</i>	Verk- greinar <i>Practical and vo- cational skills</i>	Annað <i>Other curriculum</i>	Val- greinar <i>Com- pulsory flexible</i>
Ísland <i>Iceland</i>	14	14	8	6	17	4	7	8	2	4	3	15
Danmörk <i>Denmark</i>	20	13	15	9	18	–	11	8	3	–	3	–
Finnland <i>Finland</i>	13	13	17	7	14	–	15	7	5	4	–	5
Noregur <i>Norway</i>	16	13	9	11	10	–	8	10	7	–	16	–
Svíþjóð <i>Sweden</i>	22	14	12	13	12	–	7	8	–	7	–	6
<b>Meðaltal</b> <b>Average</b>												
ES 19												
EU 19	16	13	12	12	13	4	9	8	4	1	4	6
OECD	15	13	11	12	12	3	8	8	3	2	5	8

Heimild Source: OECD: Education at a Glance 2008, 422.

**Tafla 14. Nemendur sem njóta sérkennslu og stuðnings skólaárið 2007–2008**

Table 14. Pupils receiving special education or support during the school year 2007–2008

Bekkur Grade	Hlutfall af árgangi % of pupils		Í sérkennsluveri Special education classroom			Stuðningur í bekk In the classroom			Hvorttveggja Both		
	Alls Total	Alls Total	Alls Total	Drengir Boys	Stúlkur Girls	Alls Total	Drengir Boys	Stúlkur Girls	Alls Total	Drengir Boys	Stúlkur Girls
	<b>Alls Total</b>	<b>10.640</b>	<b>24,3</b>	<b>4.452</b>	<b>2.715</b>	<b>1.737</b>	<b>1.469</b>	<b>936</b>	<b>533</b>	<b>4.719</b>	<b>2.967</b>
1.	898	21,7	346	219	127	132	90	42	420	268	152
2.	1.112	25,7	467	293	174	112	76	36	533	334	199
3.	1.071	25,7	417	263	154	131	80	51	523	322	201
4.	1.167	27,4	476	273	203	154	103	51	537	326	211
5.	1.144	26,8	476	291	185	141	97	44	527	340	187
6.	1.151	26,0	497	308	189	180	106	74	474	302	172
7.	1.029	23,5	434	256	178	139	83	56	456	282	174
8.	896	19,6	356	217	139	166	100	66	374	243	131
9.	945	20,1	418	247	171	165	100	65	362	218	144
10.	857	18,5	437	254	183	121	80	41	299	187	112
Sérdeild Special educ. class	370	•	128	94	34	28	21	7	214	145	69

**Tafla 15. Fjöldi nemenda á kennara 1998–2008**

Table 15. Pupils per teacher 1998–2008

Ár Year	Fjöldi nemenda Number of pupils	Fjöldi kennara Number of teachers	Stöðugildi kennara Full-time equivalent teachers	Fjöldi nemenda á hvern kennara Pupils per teacher	Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara Pupils per full-time equivalent teacher
1998	42.549	3.726	3.202	11,4	13,3
1999	43.148	3.864	3.373	11,2	12,8
2000	43.777	3.889	3.446	11,3	12,7
2001	44.187	4.153	3.927	10,6	11,3
2002	44.809	4.358	4.104	10,3	10,9
2003	44.927	4.413	4.109	10,2	10,9
2004	44.637	4.405	4.136	10,1	10,8
2005	44.461	4.525	4.371	9,8	10,2
2006	43.978	4.654	4.474	9,5	9,8
2007	43.965	4.677	4.654	9,4	9,4
2008	43.646	4.772	4.681	9,1	9,3

**Skýringar** Notes: Meðtaldir eru deildarstjórar og kennarar. Nemendur í 5 ára bekk meðtaldir. Department heads and teachers are included. Pupils in grade 0 (5 years old) are included.

**Tafla 16. Alþjóðlegur samanburður á fjölda nemenda á kennara skólaárið 2005–2006**Table 16. *International comparison of pupils to teaching staff 2005–2006*

	Barnaskólastig <i>Primary education</i>	Unglingastig <i>Lower secondary education</i>	Heildstæður grunnskóli <i>Primary and lower secondary education</i>
Ísland <i>Iceland</i>	–	–	10,6
Danmörk <i>Denmark</i>	–	–	11,4
Finnland <i>Finland</i>	15,0	9,7	–
Noregur <i>Norway</i>	10,9	10,2	–
Svíþjóð <i>Sweden</i>	12,1	11,4	–
ES 19 meðaltal <i>EU 19 average</i>	14,5	11,7	–
OECD meðaltal <i>average</i>	16,2	13,3	–

Heimild Source: OECD: Education at a Glance 2008, 437.

**Tafla 17. Nemendur í bekkjardeild 2008–2009**Table 17. *Pupils by class size 2008–2009*

Bekkur <i>Grade</i>	Fjöldi bekkjardeilda <i>Number of classes</i>	Fjöldi nemenda <i>Number of pupils</i>	Nemendur í bekkjardeild <i>Pupils per class</i>
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>2.359</b>	<b>43.222</b>	<b>18,3</b>
1.	251	4.062	16,2
2.	239	4.084	17,1
3.	246	4.450	18,1
4.	232	4.135	17,8
5.	229	4.295	18,8
6.	232	4.239	18,3
7.	239	4.456	18,6
8.	225	4.372	19,4
9.	229	4.469	19,5
10.	237	4.660	19,7

Skýringar Notes: Nemendur í sérskólum og sérdeildum eru ekki taldir með. *Pupils in special schools and special education classes are excluded.***Tafla 18. Alþjóðlegur samanburður á meðalfjölda nemenda í bekkjardeild skólaárið 2005–2006**Table 18. *International comparison of the average number of pupils per class during the school year 2005–2006*

	Barnaskólastig <i>Primary education</i>	Unglingastig <i>Lower secondary education</i>
Ísland <i>Iceland</i>	18,2	19,7
Danmörk <i>Denmark</i>	19,5	20,1
Finnland <i>Finland</i>	...	...
Noregur <i>Norway</i>	•	•
Svíþjóð <i>Sweden</i>	...	...
ES 19 meðaltal <i>EU 19 average</i>	20,2	22,7
OECD meðaltal <i>average</i>	21,5	24,0

Heimild Source: OECD: Education at a Glance 2008, 436.

**Tafla 19. Alþjóðlegur samanburður á heildarvinnutíma kennara skólaárið 2005–2006***Table 19. International comparison of the total statutory working time for teachers 2005–2006*

	Heildarvinnutími kennara á barnaskólastigi <i>Total teachers' statutory working time in hours in primary education</i>	Heildarvinnutími kennara á unglíngastigi <i>Total teachers' statutory working time in hours in lower secondary education</i>
Ísland <i>Iceland</i>	1.800	1.800
Danmörk <i>Denmark</i>	1.680	1.680
Finnland <i>Finland</i>	•	•
Noregur <i>Norway</i>	1.688	1.688
Svíþjóð <i>Sweden</i>	1.767	1.767
ES 19 meðaltal <i>EU 19 average</i>	1.619	1.619
OECD meðaltal <i>average</i>	1.662	1.651

**Heimild** *Source:* OECD: Education at a Glance 2008, 466.



**Hagtiðindi Skólamál**  
**Statistical Series Education**

94. árg. 33. tbl. 2009:3

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-469X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4703 (pdf)

Verð ISK 1300 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervision* Haukur Pálsson • haukur.palsson@hagstofa.is

Ásta M. Urbancic • asta.urbancic@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)